

Lubbi er að lita - Ll (ríðum heim að Hólum)

Lubbi er að lita,
loftið blátt og gula sól,
lögguhúfu, lamb og stól,
l, l, l, l lita

Litar hann og litar
litar grænt og raut og blátt,
litar dökkt og ljóst og grátt,
l, l, l, l litar.



Hænan segir gagga gagg - Gg (Þumalfingur)

Hænan segir gagga gagg,
Í gogginn fær
grjónagraut, grjónagraut
g, g, g, g, g, g, g.

Haninn segir gaggalagó
og galar hátt:
Gefðu mér, gefðu mér
g, g, g, g, g, g, g.



Fiðrildi, fiðrildi - Ff (Kisa mín)

Fiðriðldi, fiðrildi
flögrar úti í haga,
f, f, f-f, f, f,
flýgur alla daga.

Fiðrildi, fiðrildi
fýkur út í vindi.
f, f, f-f, f, f,
flýgur heim í skyndi.



Sunna litla uss, uss, uss - Ss (Sigga litla systir mín)

Sunna litla uss, uss, uss,
ekki þessi læti.

S, s, s, s, sussu suss,
sýndu minni kæti.



s

Ef þú getur ekki hætt
allir sveia og fussa.
Reyndu nú að sofna sætt,
s, s, ussu sussa.

Hott hott á hesti - Hh (göngum göngum)

Hott, hott á hesti,
hesturinn minn besti,
hlauptu og stöktu h, h, h.




h

Blesi og Skjóna
reka upp hrossahlátur:
Ho, ho, hah, hah, h, h, h.

Edda hugsar e, e, e - Ee (fuglinn segir)

Edda hugsar e, e, e,
e, e, e, ég held ég sé
ekki best í þessu,
ég er með flest í klessu.



e

Vísur eftir Þórarín Eldjárn. Vísurnar eru sungin við gömul og þekkt lög. Tekið úr bókinni Lubbi finnur málbein. Eftir Eyrúnu Ísfold Gísladóttir og Þóru Másdóttir.